

Aðalfundur SÍL

haldinn í Grunnskóla Þorlákshafnar 6. október 2013 kl. 14:00.

Mættir voru fulltrúar frá sex lúðrasveitum:

Finnbogi Óskarsson LH, Brynjar Óskarsson LH, Páll Pálsson LV, Bára Sigurjónsdóttir LR, Ólafur Þór Snorrason LVest, Hlíf Helga Káradóttir LVest, Rannveig Rós Ólafsdóttir LV, Hulda Gunnarsdóttir LP, Jóhanna Guðmundsdóttir LR, Margrét Birna Sigurbjörnsdóttir LS, Jón Kristinn Snorrason LR, Lárus Halldór Grímsson LR, Stefán Sigurjónsson LVest.

Lárus formaður setti fundinn og stjórnaði honum. Finnbogi var skipaður fundarritari.

Fundurinn var með nokkuð óvenjulegu sniði enda ekki verið haldinn aðalfundur síðan 2010.

Venjuleg aðalfundarstörf

Skýrsla stjórnar

Lárus las skýrslu formanns fyrir sl. 3 ár og Finnbogi las fundargerð síðasta aðalfundar í fjarveru ritarans Jóns Óskars. Hvort tveggja var samþykkt án athugasemda. Stefán gerði grein fyrir óendurskoðuðum reikningum síðustu ára og voru þeir samþykktir með fyrirvara. Engar skýrslur um starf lúðrasveitanna bárust.

Lagabreytingar

Engar tillögur um lagabreytingar komu fram.

Kjör stjórnar og endurskoðenda

Óskað var eftir framboðum til stjórnar SÍL. Lárus Halldór Grímsson gaf áfram kost á sér sem formaður og Stefán Sigurjónsson sem gjaldkeri. Stungið var upp á Finnboga Óskarssyni sem ritara og að Margrét Birna Sigurbjörnsdóttir og Páll Pálsson yrðu meðstjórnendur. Engin mótframboð bárust og voru þau öll kjörin með lófataki. Stungið var upp á að Hlíf Helga Káradóttir og Eggert Björgvinsson yrðu áfram endurskoðendur og voru þau einnig kjörin með lófataki.

Stjórn SÍL starfsárið 2013-2014 er því þannig skipuð:

Formaður: Lárus Halldór Grímsson

Gjaldkeri: Stefán Sigurjónsson

Ritari: Finnbogi Óskarsson

Meðstjórnendur: Margrét Birna Sigurbjörnsdóttir og Páll Pálsson

Starf SÍL

Í umfjöllun um starf undanfarinna ára kom fram að langt er síðan fengist hefur rekstrarfé frá ríkinu. Þó hefur verið hægt að sækja um styrki til tiltekinna verkefna, sbr. NOMU og nótnaútgáfu. NOMU fundur hefur ekki verið haldinn síðan 2009 enda er NOMU einnig dottið út af hinum norrænu fjárlögum. Lárus hefur þó sótt fundi hjá SAMNAM (Samarbetsorganet för nordisk amatörmusik) annað hvert ár, á móti fulltrúa SÍSL.

Allnokkur umræða varð um nótnamál. Ástæða þótti til að halda skrá um íslensk tónverk samin fyrir lúðrasveitir, og helst að koma sem flestum slíkum verkum til Íslenskrar tónverkamiðstöðvar – bæði til að bjarga þeim frá glötun og til að auðvelda aðgengi annarra að þeim. Af og til berast ÍTM fyrirspurnir um íslensk lúðrasveitaverk og er þá oftast fát um svör þar sem verkin liggja aðeins hjá lúðrasveitunum. Samþykkt var að hver lúðrasveit færi í gegnum sín nótnamál og legði fram lista yfir íslensk verk/útsetningar til að hægt sé að hafa yfirsýn yfir hvað er til.

Rætt var um starfsemi og tilgang SÍL. Samstaða var um að þörf væri fyrir sambandið, bæði gagnvart hinu opinbera og útlendum aðilum. Annað hlutverk SÍL væri helst að efla samstarf milli lúðrasveita, ekki síst með landsmótum, svo og að standa fyrir nótnaútgáfu. Æskilegt væri að geta pantað 1-2 verk/útsetningar á hverju ári. Sambandið getur hins vegar ekki starfað án rekstrarfjár og því þarf að tryggja því tekjur.

Eftir allnokkra umræðu um mismunandi útfærslur á félagsgjöldum var ákveðið að árgjaldið fyrir aðild að SÍL yrði 30.000 kr. fyrir hverja starfandi hljómsveit, en ekki fyrir hvern starfandi félagan innan sveitanna. Sveitir sem ekki eru starfandi og greiða ekki árgjald haldi aðild sinni að sambandinu en hafi ekki atkvæðisrétt á aðalfundi.

Önnur mál

Rætt var um landsmót. Fundarmenn voru sammála um að nýafstaðið landsmót í Þorlákshöfn hefði heppnast sérlega vel. Almenn ánægja er með þetta fyrirkomulag, þar sem öllum þátttakendum er skipt niður í nokkrar lúðrasveitir sem æfa upp dagskrá í stað gamla „tónleikafyrirkomulagsins.“ Umræður spunnust um hugsanlega staðsetningu næsta landsmóts árið 2015. Höfuðborgarsvæðið þykir ekki heppilegt fyrir ýmissa hluta sakir. Ekki er heldur gott að Vestmannaeyjar og Þorlákshöfn þurfi að skiptast á um að halda landsmótið og því kom upp sú hugmynd að reyna að halda landsmót annaðhvort á stað þar sem lúðrasveitin liggur í dvala eða á stað með skólalúðrasveit en ekki fullorðinssveit – með það fyrir augum að blása þeim krafti í brjóst og vekja athygli á lúðrasveitarstarfi. Ýmsir staðir voru nefndir, m.a. Höfn, Stykkishólmur, Ísafjörður og Akureyri. Stjórninni var falið að skoða þessa hugmynd nánar.

Nokkuð var rætt um verðskrá fyrir spilamennsku, einkum á höfuðborgarsvæðinu. Ekki er gott að selja krafta sína of ódýrt þar sem það stuðlar að lækkun yfir línuna. Skólalúðrasveitirnar hafa stundum undirboðið fullorðinssveitirnar og er það miður.

Fésbókarsíða landsmótsins 2013 hefur verið mjög virk og þar er saman kominn mikill fjöldi lúðrasveitamanna. Sú hugmynd kom upp að endurvinna hana sem n.k. fésbókarsíðu SÍL. Heimasíðu SÍL hefur verið lítið við haldið. Nýr ritari lofaði að koma skikki á hana.

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 16:20.

Finnbogi Óskarsson
fundarritari